

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 13. september 1993

um að efla endurnýjanlega orkugjafa í bandalaginu (ALTENER-áætlunin)

(93/500/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 130. gr. s og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Á fundi sínum 29. október 1990 samþykkti ráðið (umhverfis- og orkumálaráðherrar) að bandalagið og aðildarríkin, að því gefnu að önnur forysturíki taki á sig svipaðar skuldbindingar, væru reiðubúin til að gera ráðstafanir með það í huga að halda samanlögðum CO₂-útblæstri í bandalaginu öllu í horfinu þannig að árið 2000 verði hann kominn niður í það sem hann var 1990, um leið og það viðurkennir þau markmið sem mörg aðildarríkjanna hafa sett sér við að koma böndum á eða draga úr útblæstri, enda þótt þau gefi sér mismunandi tímamörk; og að aðildarríkjum, sem eru í sjálfu sér með tiltölulega litla orkunotkun, og þar af leiðandi lítinn útblástur miðað við höfðatölu eða aðrar viðmiðanir, leyfist að setja sér markmið og/eða gera áætlanir varðandi CO₂-útblastur er svara til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar þeirra, samtímis því sem þau leitast við að bæta orkunýtni í atvinnulífinu hjá sér.

Í orðsendingu sinni til ráðsins um sameiginlegt átak til að takmarka útblástur koltvísýrings og bæta orkunýtni í bandalaginu mælti framkvæmdastjórnin fyrir um þær ráðstafanir sem bandalagið ætti að gera til að takmarka CO₂-útblastur.

Á fundi sínum 13. desember 1991 hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að leggja fram formlegar tillögur um að samþykkja ráðstafanir sem lið í átaki bandalagsins.

Umtalsverð aukning í notkun endurnýjanlegra orkugjafa færir okkur nær því markmiði að koma böndum á CO₂-útblastur.

Samkvæmt 130. gr. r í sáttmálanum er markmiðið með aðgerðum bandalagsins í umhverfismálum að bæta umhverfið og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi, en nýting endurnýjanlegra orkugjafa leiðir til þessa.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 179, 16. 7. 1992, bls. 4.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 176, 28. 6. 1993.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 19, 25. 1. 1993, bls. 7.

Þróun endurnýjanlegra orkugjafa getur með afgerandi hætti dregið úr mengandi útblæstri sem stafar af notkun á jarðefnaeldsneyti.

Þróun endurnýjanlegra orkugjafa stuðlar að því að draga úr lofttegundum sem hafa gróðurhúsaáhrif og þar með hættu á að hitastigi jarðar hækki. Því er æskileg að víðtæk samvinna takist á alþjóðavettvangi til þess að ná marktækum árangri.

Aðrar heimildir en þær sem koma fram í 235. gr. er ekki að finna í sáttmálanum varðandi orkumálaþætti áætlunarinnar sem um getur í 2. gr.

Í ályktun ráðsins frá 16. september 1986 um ný stefnumið bandalagsins í orkumálum til ársins 1995 og samhæfingu á stefnumiðum aðildarríkjanna ⁽⁴⁾ segir að stuðla beri að því að nýir og endurnýjanlegir orkugjafar komi í stað hefðbundins eldsneytis svo að hlutur þeirra vegi þungt þegar orkureikningarnir verða gerðir upp.

Sem stendur eiga endurnýjanlegir orkugjafar ekki mikla möguleika á markaðinum. Þeir eru ekki enn orðnir samkeppnishæfir sem sumpart skýrist af því að eins og málum er nú háttað við verðlagningu er ekki alltaf tekið fullt tillit til þess kostnaðar sem hefðbundnir orkugjafar hafa í för með sér í vistfræðilegu tilliti. Til þess að auka enn frekar framboð endurnýjanlegra orkugjafa á komandi árum verða aðildarríkin að forðast slíka rangtúlkun.

Í ályktun sinni frá 9. júní 1988 um að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa í bandalaginu ⁽⁵⁾, lýsti ráðið í smáatriðum vilja sínum til þess að framfylgja ákveðinni stefnu í þróun endurnýjanlegra orkugjafa.

Í tengslum við athugun á því hvaða árangur hefði náðst við að framfylgja markmiðunum í orkumálum fram til ársins 1995, sem kveðið var á um í framangreindri ályktun frá 16. september 1986, lýsti ráðið því yfir í niðurstöðum sínum frá 8. nóvember 1988 að það legði áherslu á mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa fyrir orkubúskap framtíðarinnar.

Þróun endurnýjanlegra orkugjafa, og þá einkum nýting lífmassa, hefur einnig í för með sér fjárhagslegan ávinning með tilliti til atvinnumöguleika og áframhaldandi búsetu íbúa á sama stað.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. C 241, 25. 9. 1986, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1988, bls. 46.

Meiri og viðtækari notkun endurnýjanlegra orkugjafa alls staðar í bandalaginu er líkleg til að efla samheldni innan bandalagsins á sviði efnahags- og félagsmála eins og segir í 130. gr. a í sáttmálanum.

Með hliðsjón af þessu er rétt að taka tillit til leiðbeinandi markmiðssetningar bandalagsins og gera ráðstafanir sem stuðla að því að þessi markmið náist, með hliðsjón af sérstökum aðstæðum í hverju aðildarríki um sig.

Gera þarf áætlun til fimm ára.

Fjárhæðin sem telst nauðsynleg til að hrinda þessari áætlun til margra ára í framkvæmd er 40 milljónir ECU. Fjárhæð þessi á að standa undir kostnaði við áætlunina á tímabilinu 1993 til 1997, að því tilskildu að hún falli innan ramma fjárhagsáætlunar bandalagsins til meðallangs tíma sem gildir frá og með 1. janúar 1993.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu í stefnu sinni í orkumálum leggja sig fram um að takmarka útblástur koltvísýrings og taka þannig mið af leiðbeinandi markmiðssetningu bandalagsins varðandi endurnýjanlega orkugjafa sem um getur í I. viðauka.

2. gr.

1. Bandalagið styður ýmsar aðgerðir til að stuðla að framgangi endurnýjanlegra orkugjafa innan ramma ALTENER-áætlunarinnar (sérstakar aðgerðir til að stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa), hér á eftir nefnd „áætlunin“.

2. Áætlunin er gerð til fimm ára.

3. Áætlað er að sú fjárhæð sem telst nauðsynleg til að hrinda áætluninni í framkvæmd sé 40 milljónir ECU fyrir tímabilið 1993 til 1997, að því tilskildu að fjárhæðin sé innan ramma fjárhagsáætlunar bandalagsins til meðallangs tíma sem gildir frá og með 1. janúar 1993.

4. Fjárlagayfirvaldið skal ákvarða fjárframlög fyrir hvert fjárhagsár með hliðsjón af meginreglunum um ábyrga stjórnun sem um getur í 2. gr. fjárhagsreglugerðarinnar frá 21. desember 1977 sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna. ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 356, 31. 12. 1977, bls. 1. Fjárhagsreglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð (KBE, KSE, EBE) nr. 610/90 (Stjtið. EB nr. L 70, 16. 3. 1990, bls. 1).

3. gr.

Fjármagna skal fjóra flokka aðgerða samkvæmt áætluninni:

- a) rannsóknir og tæknilegt mat gert í þeim tilgangi að skilgreina tæknilega staðla eða tækniforskriftir;
- b) ráðstafanir til að styðja frumkvæði sem tekin eru í aðildarríkjunum til að auka við eða skapa grunnvirki þar sem unnið er með endurnýjanlega orkugjafa. Til þessa telst meðal annars:
 - þjálfun og upplýsingastarfsemi sem varðar endurnýjanlega orkugjafa á stigi sem er eins nálægt atvinnurekendum og orkunotendum og unnt er,
 - aðgerðir sem skipt er upp eftir sviðum eins og um getur í II. viðauka;
- c) ráðstafanir sem miða að því að hraða uppbyggingu upplýsinganets, bæði til að stuðla að betri samræmingu aðgerða sem eru gerðar á innlendum vettvangi, á vegum bandalagsins og á alþjóðavettvangi, en það er gert með því að finna heppilegar leiðir til að skiptast á upplýsingum, og einnig til að unnt sé að meta áhrif af hinum ýmsu aðgerðum sem kveðið er á um í þessari grein;
- d) rannsóknir, mat og aðrar tilheyrandi ráðstafanir sem miða að því að vega og meta hagkvæmni og tæknilega kosti þess fyrir atvinnulíf og umhverfið að vinna lífmassa til orkunotkunar, einkum við hita- og raforkuframleiðslu.

4. gr.

1. Allur kostnaður vegna aðgerðanna sem um getur í a-lið 3. gr. skal greiddur af bandalaginu.

2. Fjárframlag bandalagsins til aðgerðanna sem um getur í b- og c-lið 3. gr. skal vera á bilinu 30 til 50% af heildarkostnaði við þær.

Í sérstökum tilvikum sem má réttlæta gagnvart nefndinni sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. geta fjárframlög farið yfir 50% mörkin, en þó aldrei yfir 60%.

3. Fjárframlög til aðgerðanna sem um getur í d-lið 3. gr. mega ekki fara yfir 30% af heildarkostnaði við þær.

4. Fjármögnun þess sem út af stendur vegna aðgerðanna sem um getur í b-, c- og d-lið 3. gr. getur komið frá opinberum sjóðum eða frá einkaaðilum eða verið sambland af þessu tvennu.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin ákveður árlega, í samráði við nefndina sem um getur í 1. mgr. 7. gr., viðmiðunarreglur vegna stuðningsráðstafananna sem um getur í b-, c- og d-lið 3. gr.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni árlega tillögur um frumkvæði þau sem um getur í b-lið 3. gr. ásamt skrá yfir aðila sem eiga að koma verkefnunum í framkvæmd, en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun samkvæmt málsmeðferð 1. mgr. 7. gr. um fjárframlög og skilyrði fyrir þeim. Framkvæmdastjórn gerir samninga við þessa aðila um stuðning.

6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.

2. Við framkvæmd aðgerðanna sem um getur í a-, b- og c-lið 3. gr. skal framkvæmdastjórnin fylgja málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr.

3. Við framkvæmd aðgerðanna sem um getur í d-lið 3. gr. skal framkvæmdastjórnin fylgja málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr.

7. gr.

1. Við framkvæmd aðgerðanna sem um getur í 2. mgr. 6. gr. skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skilar álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitið skal skráð í fundargerð, en þar að auki á hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

2. Við framkvæmd aðgerðanna sem um getur í 3. mgr. 6. gr. skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skilar álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr.

sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað.

Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna ráðinu um þær án tafar.

Ef svo ber undir skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur tekið ákvörðun um, um einn mánuð frá dagsetningu tilkynningarinnar.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirgreinin hér að framan.

8. gr.

1. Á þriðja ári áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þann árangur sem hefur náðst. Skýrslunni skulu fylgja breytingartillögur ef nauðsynlegt þykir í ljósi þessa árangurs.

2. Eftir að áætlunin rennur út skal framkvæmdastjórnin meta þann árangur sem hefur náðst, framkvæmd þessarar ákvörðunar og hve samstilltar innlendar aðgerðir og aðgerðir bandalagsins eru. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um málið.

9. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. janúar 1993 til 31. desember 1997.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. september 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

Ph. MAYSTADT

forseti.

*I. VIÐAUKI***Leiðbeinandi markmið bandalagsins við að draga úr útblæstri koltví-sýrings með því að þróa endurnýjanlega orkugjafa**

Hugsanlega verður hægt að minnka útblástur koldíoxíðs fram til ársins 2005 um 180 milljónir tonna með því að :

- A. Auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun svo að hann fari úr tæpum 4% árið 1993 í 8% árið 2005 ⁽¹⁾.
Til þess að ná þessu markmiði þarf framleiðsla endurnýjanlegra orkugjafa að aukast úr tæpum 43 milljónum tonna 1991 í um það bil 109 milljónir tonna árið 2005.
- B. Prefalda framleiðslu á raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum (að frátöldum stórum vatnsorkuverum).
Til þess að ná þessu markmiði þarf afkastageta og raforkuframleiðsla allra orkuvera (að frátöldum stórum vatnsorkuverum) sem nota endurnýjanlega orkugjafa að aukast úr 8 GW og 25 TWh árið 1991 í 27 GW og 80 TWh árið 2005.
- C. Tryggja að markaðshlutdeild lífræns eldsneytis verði 5% af heildareldsneytisnotkun vélknúinna ökutækja.
Til að ná þessu markmiði þarf framleiðsla lífræns eldsneytis að komast í 11 milljón tonn árið 2005.

*II. VIÐAUKI***Skrá yfir aðgerðir á hinum ýmsu sviðum sem um getur í annarri undirgrein b-liðar 3. gr., en skráin er ekki tæmandi**

1. Tilraunaverkefni sem miða að því að innleiða „tryggingu fyrir sólaráhrif“ sólgleypa og sólvatnshitara.
2. Tilraunaverkefni sem miða að því að innleiða lífrænt eldsneyti í stað olíuafurða í flutningsgeiranum.
3. Tilraunarannsóknir á áætluðum lágmarkskostnaði við undirbúning og stjórnun á eftirspurn.
4. Tilraunaverkefni er varða fjármögnun þriðja aðila inna ramma Evrópunets um fjármögnun þriðja aðila (án beinnar fjármögnunar af bandalagsins hálfu).
5. Trygging gegn fjárhagslegri áhættu vegna jarðfræðilegra óvissuþátta í sambandi við nýtingu jarðhita.
6. Gerð staðbundinna áætlana um þróun endurnýjanlegra orkugjafa.
7. Uppsetning og útfærsla grunnvirkja í aðildarríkjunum til að veita fjárfestum aðstoð við gerð forathugana.
8. Tilraunaverkefni sem felast í því að setja ljósspennu- eða sólarrafhlöðueiningar í nýjar eða eldri byggingar.
9. Tilraunaverkefni er lúta að gerð áætlana um vindorkustöðvar.
10. Tilraunaverkefni er miða að því að fella líffræðileg kerfi inn í húsagerð.

⁽¹⁾ Í orkujafnvæginu sem ákvörðunin um markmið A hér að ofan er grundvölluð á er raforkan sem er framleidd með ýmsum öðrum orkugjöfum reiknuð samkvæmt stöðlum Hagstofu Evrópubandalaganna.